



Þessi mynd var tekin á æfingu í barnaskólanum í Garðabæ, en á laugardag munu þessir krakkar ásamt mörgum fleiri þeyta lúðra sína. Ljós. BP.

450 UNGMENNIR ÞEYTA LÚÐRA SÍNA!

Mönnum gefst kostur á að hlusta á stærstu lúðrasveit sem nokkru sinni hefur leikið á Íslandi, á laugardag, ef allt gengur að óskum. Þá munu um

450 ungmenni þeyta lúðra sína í íþróttahúsinu í Görðum.


Fyrir nokkrum árum gekkst Mýrarhútaskólinn á Seltjarnarnesi fyrir þeirri nýbreytni að

bjóða til hátíðar að loknu vel unnu vetrarstarfi. Komu þá saman lúðrasveitir barna frá höfuðborgarsvæðinu og léku, fyrst einar sér og síðan allar í sameiningu í íþróttahúsi Seltirninga.

Nú hefur Tónlistarskólinn í Görðum ákveðið að taka upp þráðinn að nýju og bjóða til slíks fagnaðar laugardaginn 20. maí kl. 15.15. Hafa fjölmargar lúðrasveitir barna og unglinga þekkt boðið og munu að öllum líkind-

um aldrei fyrr svo margar sveitir verið saman komnar á einum stað.

—EA



Sigurður Örylgsson og Hrefna Steinþórsdóttir kona hans, en Sigurður sýnir á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Vísismynd GVA

Sigurður Örylgsson sýnir á Kjarvalsstöðum

Sigurður Örylgsson myndlistamaður sýnir á Kjarvalsstöðum þessa dagana 43 myndir, málverk og samklippur.

Myndirnar eru allar unnar á þessu ári og 6 þeirra eru eldri myndir málaðar upp. Verðið á myndunum er frá 40 þúsund krónum upp í 600 þúsund krón-

ur. Um 400 manns sáu sýninguna þrjá fyrstu sýningadagana og 8 myndir hafa selst. Sýningunni lýkur n.k. sunnudagskvöld með jasskonsert er Englendirinn Evan Parker heldur. Þetta er sjöunda einkasýning Sigurðar.

—KS

Mótmælin voru fyrir hönd þriggja flokka

Segir Sigurjón Pétursson um mótmælin gegn því, að Gunnar G. Schram stjórni kosningaumræðum

„Ég mótmælti því, að Gunnar G. Schram væri látinn stjórna umræðum um borgarmálin í sjónvarpinu, fyrir hönd efstu manna framboðslista stjórnarandstöðuflokkanna í borgarstjórninni, en ekki bara fyrir hönd okkar Alþýðubandalagsmanna“, sagði Sigurjón Pétursson, borgarráðsmaður í víðtali við Vísi í gær.

Eins og fram kom í Vísi í gær var það samþykkt á fundi útvarpsráðs s.l. föstudag, að Gunnar skyldi stjórna umræðum efstu manna framboðslistanna í Reykjavík í sjónvarpinu, en þeirri umræðu var sjónvarpað í gærkvöldi.

„Það hefur enginn fundur verið haldinn með framboðendum að tilhlutan sjónvarpsins um þessi mál þannig að ég frétti aðeins á skotspónum að Gunnar G.


Schram ætti að stjórna þessum þáttum“, sagði Sigurjón.

„Eftir borgarráðsfund á þriðjudag ræddi ég við efstu menn framboðslista Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, og það var sameiginleg niðurstaða okkar að ég hringdi í Pétur Guðfinnsson og tilkynnti honum mótmæli okkar allra við stjórnandanum sem hlutrægum.

Pétur sagði mér þá, að þessi mótmæli væru of seint fram kom-

in, þar sem af tæknilegum ástæðum væri ekki hægt að breyta stjórnanda þeirrar umræðu, sem send yrði út á miðvikudagskvöldið — þótt sú fullyrðing sé reyndar dregin mjög í efa af mönnum, sem þekkja til sjónvarpstækni. Hins vegar sagði hann, að hægt væri að breyta þessu varðandi umræðuna laugardaginn 27. maí“, sagði Sigurjón.

—ESJ



Þetta er Haukur

Í kynningu Vísis á framboðslistunum í Neskaupstað fyrir nokkru birtist röng mynd með viðtalinu við Hauk Ólafsson, efsta mann B-listans. Réttta myndin birtist hér með, og eru hlutaðeigandi beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

Keflavíkurganga er fyrirhuguð 10. júní


Keflavíkurganga verður farin laugardaginn 10. júní næstkomandi, eða eftir rúmar þrjár vikur. Göngunni mun ljúka með fjölda fundi á Lækjartorgi, segir í fréttatilkynningu frá Samtökum herstöðvaandstæðinga.

Gengið verður frá hliðum Keflavíkurflugvallar. Á áningarstöðum verður efnt til útfunda.

„Með göngunni vilja samtökun gefa landsmönnum tækifæri til að sýna hug sinn í verki og

leggja áherslu á kröfur sínar um brottflutning hersins af Miðnesheiði og úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu. Það er sérstaklega mikilvægt nú þegar kosningar eru í vöndum, enda hefur þjóðin aldrei verið spurð um þetta mál sérstaklega“, segir í fréttatilkynningunni.

Skrifstofa samtakanna er að Tryggvagötu 10, og eru herstöðvaandstæðingar hvattir til að láta skrá sig í gönguna, segir í fréttatilkynningunni. —ESJ



Fyrir skömmu afhenti Magnús Sigurjónsson formaður Lionsklúbbs Saudárkróks, Sjúkrahúsi Skagfirðinga fæðingarrúm að gjöf frá klúbbfélögum.

Stefán Pedersen varaformaður sjúkrahússtjórnar veitti gjöfinni viðtöku og flutti Lionsmönnum þakkir fyrir rausnarlega gjöf. Síðastliðið haust gaf klúbburinn Sjúkrahúsinu litsjónvarpstæki.

Þá má geta þess að í vetur gáfu Lionsfélagar Tónlistarskólanum á Saudárkróki vönduð hljómflytningstæki. Gjöfin var til minningar um látinn féлага, Sveinbjörn Jónsson bónda á Hafsteinsstöðum.

—SG